

Tilmæli 28/2023
Tillaga A 1951/UHN
Afgreiðsla Norræna sjálfbærninefndin

Nefndarálit um pólitískt samráð um tilmæli 28/2023

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að Norðurlandaráð telji að loknu pólitísku samráði að afgreiðslu tilmæla 28/2023 sé *lokið*.

Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum

- að einfalda opinbert ferli fyrir vindorkuver á hafi án þess að slakað verði á kröfum,
- að beita sér fyrir samstarfi æðri menntastofnana um nýtingu vindorku á hafi, svo og að
- að efla samstarf raforkufyrirtækja ríkjanna um samþætt norrænt raforkunet.

Pólitískt samráð

Í nefndaráliti sínu um svar við tilmælum 28/2023 tók nefndin til greina ábendingu um að norrænu löndin búi við mismunandi stjórnsýslulegt skipulag sem hefur áhrif á ferlið við að einfalda opinbert ferli fyrir vindorkuver í hafi á Norðurlöndum. Þá tók nefndin einnig til greina hlutverk ESB-löggjafar þegar kemur að því að einfalda ferli og benti á að mikilvægt sé að tryggja skilvirk ferli til að styðja við græn umskipti. Þá fagnaði nefndin samstarfinu á vegum Norrænna orkurannsókna og á milli raforkuveitna en kallaði að sama skapi eftir skýrari upplýsingum um hvernig ferða- og dvalarstyrkir fyrir vísindamenn séu nýttir í raun.

Í svari sínu við tilmælum 29/2023 sagði nefndin að svar Norrænu ráðherranefndarinnar gæfi gott yfirlit yfir norræn verkefni í tengslum við græn umskipti á sviði vindorku á hafi. Nefndin kallaði eftir frekari upplýsingum um skipulag hafsvæða þvert á landamæri og samstarf um verndun vistkerfa, sem og niðurstöður úr yfirstandandi verkefnum, t.d. verkfæri í tengslum við staðsetningu vindorkuvera og af ráðstefnunni „Nordic Offshore Wind Conference“.



Með hliðsjón af framangreindu fór fram pólitískt samráð um svör við tilmælum 28/2023 og 29/2023 þann 20. október 2024 um Norðurlönd í fararbroddi um vindorku á hafi á milli norrænu sjálfbærnefndarinnar og Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, orkumálaráðherra Íslands, fyrir hönd norrænu orkumálaráðherranna og Norrænu ráðherranefndarinnar um orkumál.

Guðlaugur Þór byrjaði á að greina frá því að í öllum norrænu löndunum standi yfir umfangsmikil rafvæðing samfélagsins í tengslum við sjálfbær umskipti en það kallar á aukna raforkuframleiðslu til þess að tryggja afhendingaröryggi. Bæði er þörf á mikilli aukningu á framleiðslu á orku án jarðefnaeldsneytis og flutningsgetu raforkukerfisins. Löndin standa frammi fyrir svipuðum áskorunum varðandi reglugerðir og leyfisveitingarferli og munu efla samstarfið sín á milli til að tryggja nægilegt raforkuframboð.

Hvað varðar tilmælin til norrænu ríkisstjórnanna um að einfalda opinbert ferli fyrir vindorkuver á hafi án þess að slakað verði á kröfum sagði ráðherrann að einmitt sá orkugjafi gæti til bæði lengri og skemmri tíma stuðlað að aukinni raforkuframleiðslu og þar með hraðað hinum grænu umskiptum á Norðurlöndum. Með lagasetningu á sviði orkumála á vettvangi Evrópusambandsins eykst samræming milli þeirra stjórnvalda í hverju landi sem sinna þessum málaflokki með þeim árangri að afgreiðsla mála verður liprari.

Norðurlöndin vinna jafnframt saman á vettvangi norrænu stofnunarinnar Norrænar orkurannsóknir, en hlutverk hennar er að efla rannsóknir á sviði orkumála, sagði ráðherrann með vísan til tilmælanna um að ríkisstjórnirnar beiti sér fyrir samstarfi æðri menntastofnana um nýtingu vindorku á hafi. Rannsóknasamvinna ríkjanna undanfarin ár hefur meðal annars tekið til raforkuvinnslu með vindorku á hafi úti. Norrænar orkurannsóknir greiða einnig fyrir samstarfi háskóla á Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndunum, m.a. með ferða- og dvalarstyrkjum fyrir vísindamenn. Einnig benti ráðherrann á að stofnanirnar sem annast kerfisstjórn í hverju norrænu ríki um sig hafa með sér náðið samstarf, bæði um þróun og rekstur raforkukerfanna og um raforkumarkaðinn.

Hvað varðar tilmæli til Norrænu ráðherranefndarinnar um að taka saman bestu starfsvenjur á Norðurlöndum varðandi uppbyggingu vindorkuvera á hafi- og að efla norrænt samstarf á sviði hafskipulags, þar á meðal að tryggja að áhugi á uppbyggingu vindorku á hafi og tillit til líffræðilegrar fjölbreytni fari saman, benti ráðherrann á „BaltHub – Interconnecting the Baltic Sea countries via offshore energy“ sem gott dæmi um rannsóknarverkefni þar sem horft var á kostnaðarhagkvæmni orkumiðstöðva í Eystrasalti. Þá benti ráðherrann á rannsóknarverkefnið „Amber“, þar sem litið var til langtímaorkusviðsmynda í Eystrasaltslöndum, sem mikilvægt dæmi í þessu samhengi.



Ráðherrann benti einnig á ráðstefnuna „Nordic Offshore Wind Conference – Connecting the Baltic Sea with the North Sea“. Ráðstefnan var haldin 31. október til 1. nóvember 2024 og var tilgangur hennar að miðla þekkingu á vindorkumálum á hafi, ræða hvernig Norðurlönd geta notið góðs af reynslu og þekkingu í tengslum við öra þróun á því sviði og til lengri tíma stuðlað að því að þróa samþætt norrænt líkan fyrir sjálfbæra vindorkuframleiðslu á hafi og sýna sameiginlega viðleitni til að draga úr þörfinni á notkun óendurnýjanlegra orkugjafa.

Ráðherrann greindi einnig frá því að EK-E hefði nýlega veitt 1,3 milljónum danskra króna til „rannsóknar á tilhögun leyfisveitinga með það í huga að flýta uppbyggingu vindorkuvera á hafi úti á Norðurlöndum“. Tilgangur verkefnisins er að styðja við stefnumótun og ákvarðanatöku á Norðurlöndum og gert er ráð fyrir fyrstu niðurstöðum í lok árs 2025. Verkefnið gengur út á að kortleggja ferla og hindranir í vegi fyrir leyfisveitingum á mismunandi stigum á Norðurlöndum, greina tækifæri til að hraða leyfisveitingarferlum vegna vindorku á hafi og taka saman bestu starfsvenjur til að flýta þróuninni. Yfirlitið mun gagnast atvinnulífinu, stjórnvöldum og öðrum hagsmunaaðilum. Jafnframt lagði ráðherrann áherslu á að það skipti sköpum að við uppbyggingu vindorkuvera sé tekið mið af líffræðilegri fjölbreytni, sem er málefni sem hefur verið í brennidepli í norrænu orkumálasamstarfi. Norrænar orkurannsóknir hafa lokið við verkefni *Accommodating Biodiversity in Nordic Offshore Wind Projects* (2022) og *Coexistence and Nature-Inclusive Design in Nordic Offshore Wind Farms* (2023) sem fjalla einmitt um þetta.

Varðandi tilmælin um gagnasöfnun og mat á áhrifum var bent á verkefni MR-Digital, Nordic Spatial. Verkefninu er ætlað að virka sem hafskipulagstól sem teygir sig yfir landamæri og getur hjálpað löndum að ákvarða ákjósanlega staðsetningu vindorkugarða á hafi úti með því að greiða fyrir skipulagi, lausnum á ágreiningi, samvinnu, kostnaðarlækkun vegna samlegðaráhrifa, aðlögunarstjórnun og því að farið sé að alþjóðlegum reglum. Það getur stuðlað að sjálfbærri þróun vindorkuvinnslu á hafi úti, hjálpað þjóðum að ná markmiðum sínum um endurnýjanlega orku ásamt því að hjálpa til við að lágmarka hugsanleg neikvæð áhrif á vistkerfi sjávar og aðra notkun hafsins.

Varðandi tilmælin um að efla samstarf raforkufyrirtækja ríkjanna um samþætt norrænt raforkunet vísaði ráðherrann til þess að norrænu orkumálaráðherrarnir hefðu nýlega samþykkt nýja samstarfsáætlun á sviði orkumála fyrir tímabilið 2025–2030. Markmið hennar og áherslusvið snerta á flestum tilmælum Norðurlandaráðs varðandi Norðurlönd í fararbroddi á sviði vindorku á hafi. Meðal annars eru markmið orkusamstarfsins um mikið afhendingaröryggi, þar sem samstarf um rammaskilyrði fyrir endurnýjanlega og jarðefnaeldsneytislausu orku er lykilatriði, tengd tilmælum Norðurlandaráðs. Þetta á að



skilgreina nákvæmlega í starfsáætlun orkumálasviðsins og gegnir vindorka á hafi þar lykilhlutverki. Á sama tíma kallar breytileg raforkuframleiðsla á kerfi með réttum hvötum til aðlögunar. Því verður áhersla lögð á það á komandi samstarfstímabili hvernig raforkumarkaðurinn getur stutt við stöðugt og sveigjanlegt orkuframboð.

Loks lagði ráðherrann áherslu á að vindorka sé nokkuð sem margar ráðherranefndarinnar beini sjónum sínum að. Með aukinni rafvæðingu og auknu hlutfalli óstöðugrar endurnýjanlegrar orku þarf öflugra norrænt samstarf um innviði til þess að tryggja sem besta auðlindanýtingu. Því er vindorka á hafi mjög ofarlega á baugi í norrænu samstarfi og má búast við því að svo verði áfram.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin samþykkti nefndarálit um pólitískt samráð um tilmæli nr. 28/2023 um Norðurlönd sem leiðandi um vindorku á hafi (A 1951/UHN) á nefndarfundum sínum 31. mars 2025 að taldi tilmælin endanlega afgreidd af hálfu ráðsins.

Flokkahópur miðjumanna lýsti því yfir í pólitískt samráð hafi ekki skilað svari við þeim lið tillögunnar um að beita sér fyrir samstarfi æðri menntastofnana um nýtingu vindorku á hafi og að flokkahópurinn muni gefa út skriflega fyrirspurn til að fylgja tilmælunum eftir.

Helsinki, 31. mars 2025

Tove Elise Madland (A)

Johan Andersson (S)

Karin Gaardsted (S)

Malte Larsen (S)

Mats Wiking (S)

André N. Skjelstad (V)

Emma Berginger (MP)

Krista Mikkonen (gröna)

Lene Westgaard-Halle (H)

Karsten Filso (SF)

Juho Eerola (saf)

Staffan Eklöf (SD)

Himanshu Gulati (FrP)